

OSMO OG KROUMATA

Osmo Vänskä, hljómsveitarstjóri
Slagverkshópurinn Kroumata, einleikarar



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2010/11



AÐALSTYRK TARADILAR

BORGUN



Morgunbladid

Tónleikar í Háskólabíói 24. mars 2011 kl. 19:30

Osmo Vänskä, hljómsveitarstjóri
Slagverkshópurinn Kroumata: Johan Silvmark,
Roger Bergström, Ulrik Nilsson, Pontus Langendorf,
Uffe Stromqvist og Martin Ödlund, einleikarar

OSMO OG KROUMATA

Jón Leifs

Trilogia piccola, op. 1 (1919–24)

Praeludium. Lento. Quasi recitativo.

Intermezzo. Adagio

Finale. Allegro spiritoso

Áskell Másson

ORA (2008)

Hlé

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 6 í F-dúr, op. 68 (1807–08)

Fagnaðarkenndir vakna þegar
komið er í sveitina

Við lækinn

Sveitungar skemmta sér –

Þrumuveður –

Söngur smalans. Gleði og þakklæti þegar
óveðrinu slotar



Osmo Vänskä stendur á hátindi ferils síns um þessar mundir og hefur hlotið lof víða um heim fyrir frábæra túlkun sína. Hann tók við stöðu aðalstjórnanda Minnesota-hljómsveitarinnar árið 2003 og hefur vakið mikla athygli fyrir starf sitt þar. Meðal helstu afreka hans með hljómsveitinni má nefna hljóðritanir á öllum símfóníum Beethovens, sem hafa hlotið frábæra dóma og fjölda viðurkenninga, meðal annars Grammy-tilnefningu fyrir besta hljómsveitarflutning árið 2008. Hann hefur m.a. stjórnað Minnesota-hljómsveitinni á Proms-hátíðinni 2010 og í Carnegie Hall í febrúar síðastliðinn. Í *New York Times* sagði um Beethoven-hringinn undir stjórn Vänskä að hér væri komin „hin fullkomna

Beethoven-túlkun okkar tíma,“ og *Musical America* útnefndi hann nýlega hljómsveitarstjóra ársins fyrir afrek sín.

Vänskä var aðalstjórnandi Lahti-sinfóníuhljómsveitarinnar frá 1988 og er nú heiðursstjórnandi hennar. Undir stjórn hans varð hljómsveitin ein sú fremsta í Finnlandi. Hún hlaut verðskuldaða athygli fyrir hljóðritanir sínar á hljómsveitarverkum Sibeliusar, og kom fram á tónleikum m.a. í London, Vínarborg og New York.

Vänskä hefur auk þess stjórnað fjölda annarra hljómsveita í fremstu röð, m.a. símfóníuhljómsveitunum í Boston, Chicago og San Francisco, filharmóníuhljómsveitunum í Berlín og New York, Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam, Cleveland-hljómsveitinni og Orchestre de Paris.

Vänskä hóf feril sinn sem klarínettuleikari og lék m.a. í filharmóníuhljómsveitunum í Helsinki og Turku. Hann nam hljómsveitarstjórn undir handleiðslu Jorma Panula við Sibeliusarakademiuna og hlaut fyrstu verðlaun í Besançon-stjórnandakeppninni árið 1982. Hann var aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands árin 1993–96 og stýrði hljómsveitinni m.a. á merkum tónleikum í Carnegie Hall árið 1996. Þá var Vänskä aðalstjórnandi BBC-sinfóníuhljómsveitarinnar í Skotlandi á árunum 1997–2002.



Slagverkshópurinn Kroumata hefur nú starfað í yfir 30 ár og hefur flutt verk eftir flest helstu tónskáld 20. aldarinnar, m.a. Sofiu Gubaidulinu, John Cage, Iannis Xenakis, Steve Reich og Toru Takemitsu. Kroumata hefur frumflutt yfir 220 tónverk og leikið í yfir 40 þjóðlöndum, frá Reykjavík í norðri til Sao Paulo í suðri. Á undanförunum árum hefur Kroumata leikið í Lincoln Center í New York, í Berlínarfilharmóníunni og Konzerthaus í Vínarborg, auk þess sem hópurinn hefur haldið í tónleikaferðir til Brasilíu, Mexíkó, Taiwan, Portúgals, Ítalíu og Finnlands.

Kroumata hefur einnig komið fram með fjölda hljómsveita og annarra tónlistar-

hópa. Þar má til dæmis nefna Fílarmóníuhljómsveitina í Los Angeles, Sinfóníuhljómsveitina í Berlín og Sænsku útvarpshljómsveitina. Hópurinn hefur leikið inn á 20 hljómdiska og á sér breiðan aðdáendahóp um allan heim. Kroumata lék við fimmtugsafmæli Karls Gústafs Sviakonungs árið 1996, og hélt sérstaka hátíðar-tónleika í hallargarðinum í Stokkhólmi sumarið 2002 í tilefni af 750 ára afmæli borgarinnar.

Kroumata kemur einnig fram á tónleikum í Háskólabíói annað kvöld kl. 21, þar sem hópurinn flytur eitt af meistaraverkum mínímalismans, *Drumming* eftir bandaríska tónskáldið Steve Reich.



Jón Leifs (1899–1968) hefur á síðustu árum notið sífellt meiri viðurkenningar sem eitt athyglisverðasta og frumlegasta tónskáld íslenskrar tónlistarsögu. Hann var einn af frumkvöðlunum í íslenskum tónsmíðum á fyrri hluta tuttugustu aldarinnar og fyrstur íslenskra tónskálda til að sameina í verkum sínum mið-evrópska tónlistarhefð og eiginleika íslenska þjóðlagsins. Stíll Jóns er að mörgu leyti frumstæður og tónlistin oft harkaleg og kaldhömruð. Einmitt þannig tókst honum að skapa íslenskan tónsmíðastíl þar sem frumkraftar náttúrunnar óma í tónum, enda hefur verkum hans á síðari tímum verið líkt við

eldgos og ísjaka, sólstjörnur og sprengigos.

Trilogia piccola var fyrsta stóra verkið sem Jón lauk við á ferli sínum, þá nýútskrifaður píanóleikari frá Tónlistarháskólanum í Leipzig og með mikla drauma um frama sem hljómsveitarstjóri. Verkið hafði verið fimm ár í smíðum, hét upphaflega *Sinfonia trilogia* og átti að vera tileinkað heimspekingnum Friedrich Nietzsche sem Jón las af mikilli áfergju á námsárunum. Upphafskaflinn skiptist í tvo hluta og sýnir hvernig tónskáldið hefði getað þróast hefðu þjóðlögin ekki gripið inn í. Tónlistin er dökk og dulúðug, einkennist af smástígu stafi sem er síendurtekið við hæga undiröldu jarðarfararrrytma. Hér heyrum við alþjóðlega tónskáldið Jón Leifs sem er á góðri leið að tileinka sér framsækin stíl miðevrópskrar tónsköpunar.

Miðkaflinn byggir á píanóverkinu *Torrek*, sem Jón samdi árið 1919 handa unnustu sinni, Annie Riethof. Þátturinn er áhrifamikill á sinn hátt þótt um byrjandaverk sé að ræða; stíllinn vegur salt milli síðrómantískrar tjáningar og naumhyggju nútímans, minnir í sömu andrá á Richard Wagner og Arvo Pärt. Það er ekki fyrr en í þriðja þætti sinfóníunnar sem þjóðlögin laumast fyrst inn, með víxlandi danstakti og að lokum íslenskum tvísöng með sínum „þúsundáragömlu fimmundum,“ eins og tónskáldið orðaði það.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þríþætt hljómkviða Jóns Leifs hefur tvívegis hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, árið 1972 (stj. Per Dreier) og 1997 (stj. Sidney Harth). Árið 1996 hljóðritaði hljómsveitin verkið fyrir BIS undir stjórn Osmos Vänskä, og hlaut sú útgáfa MIDEM-verðlaunin í Cannes árið 1998. Verkið tekur um 12 mínútur í flutningi.

Jón batt miklar vonir við nýja verkið og ritaði foreldrum sínum stoltur: Mjög forvitinn er ég nú að fá að heyra verkið til þess að fá að vita hvort mér hefir ekki yfirsést eitthvað. ... Ég held að þetta sé hið merkilegasta, sem ég enn hefi gert í list minni. Það eitt að verkið er *fyrsta* sínfóníska verkið, sem Ísland eignast, gerir mig að brautryðjanda og fremsta frömuði tónlistar á Íslandi.

Rétt er það að *Trilogia piccola* var brautryðjendaverk á sinni tíð, en það hlaut dræmar viðtökur við frumflutninginn í Karlsbad í nóvember 1926. Því var öllu betur tekið við Íslandsfrumflutninginn 1972 þegar Þorkell Sigurbjörnsson lýsti því yfir að það væri „frumlegasti opus 1 sem Íslendingur hefur látið frá sér fara.“ Þá má geta þess að þetta er eitt fárra íslenskra tónverka sem Fílharmoníuhljómsveitin í Berlín hefur flutt, á tónleikum vorið 1935.



Áskell Másson (f. 1953) stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og síðan einkánám í tónsmíðum og slagverksleik Lundúnum 1975–77. Frá árinu 1983 hefur hann alfarið helgað sig tónsmíðum og hefur samið mikinn fjölda tónverka, m.a. einleiksverk, kammerverk, hljómsveitarverk og söngverk af ýmsum toga. Meðal helstu verka hans má nefna hina ófluttu óperu *Klakahöllina*, stórt hljómsveitarverk í þremur þáttum sem ber yfirskriftina *Sinfonia trilogia*, og óratóriuna *Cecíla*, sem er samin til heiðurs verndardýrlingi tónlistarinnar.

Áskell lætur eftirfarandi orð fylgja slagverkskonsertinum: „*Ora* er latína og merkir

strönd. Með þessum titli vil ég leyfa huganum að reika til hafsins sem umlykur strandir okkar og tengir jafnframt við nágrannalönd. Uppruni og menningararfur okkar á þessari eyju sem við búum tengist órjúfanlegum böndum við strendurnar og hafið. Flestir Íslendingar búa nærri strönd og hafi og byggðir Íslands hafa nærst á ávöxtum hafsins.

Hugur minn leiddist því að þjóðlagahefð okkar og ákvað ég að færa mér í nyt tvö íslensk þjóðlög í verkinu. Það fyrra er *Verónikukvæði*, lag úr Eyjafirði sem er í dórískri tóntegund, en hitt er *Draumkvæði*, íslenskt fornkvæði við lag frá 17. öld sem er að því leyti sérstakt, að það er ekki eins í rísandi og fallandi ferli. Þessi tvö stef tengja dansa- og sagnahefð okkar saman við önnur stef og efniviði ýmsa sem koma fyrir í verkinu.


Þótt hér sé engan veginn um hermitónlist að ræða, þá má ímynda sér einleikarana sex sem eyjar í hafi hljómsveitarinnar; tréblásarar, málmblásarar, lægri strengirnir og fiðlurnar væru þá höfin fjögur sem umlykja eyjarnar. Fiðlurnar eru hér nefndar sérstaklega vegna þess að þær eru algerlega sjálfstæð eining í verkinu og eru til dæmis ekki hugsaðar sem hluti af strengjasveitinni. Ennfremur skiptast þær ekki í fyrstu og aðra fiðlu, heldur eru einungis einn sjálfstæður hópur.

Vandamálin við að skrifa fyrir sex slagverkseinleikara og sínfóníuhljómsveit eru margvísleg. Mesta hættan er sú að verkið verði einfaldlega sínfónískt verk með miklu

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta sinn sem ORA er flutt á Íslandi. Kroumata frumflutti verkið undir stjórn Osmos Vänskä á kveðjutónleikum þess síðarnefnda sem aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar í Lahti, í maí 2008. Verkið hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sama ár. ORA tekur um 22 mínútur í flutningi.

slagverki, en ekki eiginlegur konsert. Því má ekki gleyma, að sex slagverksleikarar eru í raun heilmikil hljómsveit út af fyrir sig – með jafnvel hundruðir hljóðfæra. Mín lausn á þessu var í stórum dráttum sú að líta ýmist á slagverkið sem eina rödd með nánast óendanlega möguleika – 12 hendur! – eða sem eins konar „concertante“ hóp eins og tíðkaðist í tónlist fyrri alda. Kadensur verksins verða þannig hálfgerð kammermúsík eða stofutónlist.“



Tónskáld 19. aldarinnar höfðu óvenju mikinn áhuga á samspili tónlistar og frásagna af ýmsum toga. Tónlist varð smám saman vettvangur fyrir það sem kalla mætti „hljómandi skáldsögu“ og tónskáld notuðu nýjan vettvang hinnar svonefndu prógrammsinfóníu til að koma stærstu og viðamestu frásögnum sínum í tónabúning. Ludwig van Beethoven (1770–1827) var meðal helstu frumkvöðlanna í þessum nýja samruna tónlistar og frásagnar, bæði í sjöttu sinfóníu sinni og ekki síður *Wellingtons Sieg*, þar sem lýst er í tónum sigri hertogans af Wellington á sveitum Napóleóns 21. júní 1813.

Slíkar prógrammsinfóníur voru þó ekki alveg nýjar af nálinni í tónlistarlífi Vínarborgar. Justin Heinrich Knecht samdi árið 1784 hljómsveitarverkið *Le portrait musical de la nature*, með undirtitilinn *Pastoralsymphonie*. Þar er náttúrunni lýst á mjög svipaðan hátt og í sinfóníu Beethovens – í fimm þáttum þar sem m.a. getur að heyra þrumuveður og þakkarsöng þegar veðrinu slotar. Árið 1792 samdi Anton Wranitzky *Afróðitu-sinfóníuna* sem naut töluverðra vinsælda á sinni tíð. *Sveitasinfónía* Beethovens, sem var samín á árunum 1807–08 og frumflutt á sögufrægum risatónleikum 22. desember 1808 ásamt öðrum verkum hans, hlaut strax meiri eftirtekt en fyrirrennararnir enda höfundurinn viðurkenndur sem mesta sinfóníuskáld samtímans. Þó er athyglisvert að hve miklu leyti *Sveitasinfónían* gekk þvert á hugmyndir samtímamanna um hvað sinfónía „ætti að vera“. Um aldamótin 1800 þótti sinfóníska formið helst til þess fallið að tjá stórfenglegar hugsanir og viðburði, og tónlistin einkenndist af þaulhugsuðu formi og mótívískri úrvinnslu. „Sveita-“ eða „hjarðljóðs-stíllinn“ sem þróaðist á 18. öld m.a. í verkum Corellis, Händels og Haydns var hins vegar þokkafullur, afslappaður og einkenndist af látlausri framsetningu stefja sem sjaldan var unnið úr á „sinfónískan“ hátt.

Sjálfur lagði Beethoven á það áherslu að ekki mætti gefa frásagnarhluta verksins of mikið vægi. Við frumflutninginn stóð eftirfarandi klausa í tónleikaskránni: „*Sveitasinfónía*, sem er fremur tjáning tilfinninga en málverk í tónum.“ Hann bætti síðar við: „Sá sem hefur upplifað sveitalífið getur vel gert sér í hugarlund hvað tónskáldið hafði í huga án þess að reiða sig á lýsingar í orðum.“ Beethoven var ákafur náttúruunnandi og naut þess að reika ótruflaður um skógana í nágrenni Vínarborgar. Af og til tók hann upp pappírssnepil og páraði niður nýjar tónhugmyndir sem hann vann betur úr þegar heim

Þetta er í átjándan sinn sem Síf flytur Sveitasinfóníu Beethovens. Róbert A. Ottósson stjórnaði flutningi hennar í Þjóðleikhúsinu 1951, en síðan hafa m.a. haldið um tónsprotann þeir Olav Kielland (1954), Bohdan Wodiczko (1966 og 1971), Paavo Berglund (1967), Aldo Ceccato (1989), Petri Sakari (1992 og 2001) og Eyvind Aadland (2008).

var komið. Ári eftir frumflutning *Sveitasinfóníunnar* skrifaði hann Teresu Malfati: „Það er varla nokkur maður sem ann sveitinni eins og ég geri. Mér finnst að skógarnir, trén og steinarnir séu bergmál þess sem manneskjan þráir að heyra.“

Sveitasinfónían er í fimm þáttum. Upphafskafllinn ber yfirskriftina „Fagnaðarkenndir vakna þegar komið er í sveitina“, og þótt hann sé í hefðbundnu sönötuformi er margt þó ólíkt því sem gerist og gengur í öðrum sinfóníum Beethovens. Stefin eru öll „sveitaleg“ að því leyti að þau spanna þröng tónsvið, eru skýr og skorinorð í framsetningu og minna um margt á þjóðlög eða dansa þótt öll séu þau frumsamin. Heiðskirt yfirbragð tónlistarinnar kemur ekki síst til af því hvernig Beethoven forðast moll- og minnkaða hljóma eins og heitan eldinn, en notar þess í stað hvern dúrhljóminn á fætur öðrum. Ekki síður vekur eftirtekt hversu sjaldan dýnamíkin fer upp í *forte* eða þaðan af hærra, og hversu djarflega Beethoven leyfir sér að endurtaka sama hljóminn aftur og aftur án nokkurra breytinga, til dæmis í úrvinnslunni. Hér fær tónlistin næstum því mínímalískt yfirbragð; ein hljómskipti á 50 tóktum er nokkuð sem er einstakt í verkum Beethovens og þótt mun víðar væri leitað. Einmitt þetta gefur þættinum ljúft og afslappað yfirbragð sem hæfir efninu. Tíminn liður hægar í sveitinni, og tónlist Beethovens liggur heldur ekkert á.

Í hæga kaflanum situr Beethoven við lækjarbakkann og lætur hugann reika. Hér skapar hann einnig óvenju mikið músíkalskt rými í tónlistinni sem liður hægt og silalega áfram. Vatnsflaumurinn heyrir í öðrum fiðlum og lágfíðlum sem leika vaggandi þríundir, en fyrstu fiðlur fljóta ofan á með bjartar og afslappaðar hendingar. Undir lokin brýst út fjölskrúðugur fuglasöngur í stuttri kadensu þar sem næturgali (flauta), kornhæna (óbó) og gaukur (tvö klarínnett) láta í sér heyra.

Þriðji þáttur er léttur og gamansamur sveitadans þar sem Beethoven gerir góðlátlegt grín að sveitamúsiköntum sem gengur misvel að spila í takt. Glævæir stemningin leysist skyndilega upp þegar óveðursský taka að nálgast. Fáum tónskáldum hefur tekist jafnvel að lýsa þrumuveðri í tónum enda notar Beethoven möguleika hljómsveitarinnar til hins ítrasta. Skræk piccolóflauta og dynjandi pákur sjá um þrumurnar sjálfar, og nú heyrast svo um munar allir dökku hljómarinnir sem Beethoven sveigði hjá í fyrsta þættinum. Þrumuveðurskafllinn er í rauninni eins konar inngangur að lokakaflanum sem tekur við um leið og veðrinu slotar. Látlaus sálmahending leiðir inn í ljúfan þakkarsöng þar sem veraldleg gleði og andleg upphafning fléttast saman á töfrandi hátt.

DRUMMING



Bandaríkjamaðurinn Steve Reich er einn af forvígismönnum mínímalismans og eitt áhrifamesta tónskáld síðustu áratuga. Breska dagblaðið The Guardian sagði Reich nýverið „einn fárra núlifandi höfunda sem sagt verður um að hafi breytt gangi tónlistarsögunnar“. Meðal þeirra sem hafa samið tónlist undir áhrifum hans má nefna Brian Eno og Sufjan Stevens. Reich hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir verk sín, hlaut meðal annars hin virtu Polar-verðlaun árið 2007 ásamt Sonny Rollins, og Pulitzer-verðlaunin 2009.

Drumming er almennt talið eitt helsta meistara-verk Reichs og hljómar nú á Íslandi í fyrsta sinn. Verkið er samið á árunum 1970–71, eftir ferðalag höfundarins til Afríku þar sem hann varð fyrir

áhrifum af trommumeisturum í Ghana.


Drumming er samið fyrir einkar litríkan slagverkshóp: átta bongótrommur, þrjár marimbur, þrjú klukkuspil, tvær söngkonur og flautuleikara. Þetta er sérlega áheyrulegt verk, kraftmikið og fjörugt, þar sem allt litróf slagverksins fær að njóta sín með dynjandi trommutakti í bland við ljúfa klukkutóna.

Flutningur verksins tekur rúma klukkustund, og að tónleikum loknum gefst gestum kostur á að spjalla við flytjendur kvöldsins í anddyri Háskólabíós.

Enginn áhugamaður um nýja og ferska tónsköpun má láta þessa tónleika framhjá sér fara.

Miðaverð 1.500 kr. Ónúmeruð sæti.

MOZART OG BRAHMS



Brátt rennur upp sú sögulega stund að Sinfóníuhljómsveit Íslands kveður Háskólabíó, þar sem hún hefur átt heimili sitt síðan 1961. Á lokatónleikum Sinfóníunnar í Háskólabíói hljóma yndisfögur verk frá klassíska og rómantíska tímanum, eftir Carl Maria von Weber, W.A. Mozart og Johannes Brahms.

Mozart var framúrskarandi fiðlu-leikari og samdi heila fimm fiðlukonserta árið 1775 til að geta sýnt listir sínar á hljóðfærið í eigin tónlist. Að nítján ára piltur skuli hafa samið svo stórfenglega og fyrirhafnarlausa tónlist gengur kraftaverki næst. Fimmti konsertinn er einna frægastur þeirra, bjartur og fagur með hressilegum tyrkneskum tilþrifum í lokabættinum. Greta Guðnadóttir stundaði framhaldsnám í New York og Flórída og lauk doktorsgráðu í fiðluleik árið 1995. Hún hefur leitt aðra fiðlu í Sinfóníuhljómsveit Íslands í tæp 20 ár og komið fram með fjölmörgum kvartettum og öðrum kammerhópum.

„Ég mun aldrei semja sínfóníu! Þú getur ekki ímyndað þér hvernig það er að heyra slíkan risa þrammandi fyrir aftan sig.“ Þannig mælti Johannes Brahms, fullur örvæntingar yfir því að feta í fótspor Beethovens sem sínfóníuskáld. Fyrsta sínfónía hans lét biða eftir sér, enda er hún langt frá því að vera byrjendaverk. Tónlistin einkennist af ólgu, ljóðrænu, dramatík og dulúð, og lýkur með glæsilegum gleðisöng sem þykir minna á Óðinn til gleðinnar.

Pólski stjórnanndinn Michal Dworzynski vakti heimsathygli þegar hann hreppti fyrstu verðlaun í Donatella Flick-keppninni árið 2006 og fékk í kjölfarið samning við Lundúna-sínfóníuna. Hann stjórnaði tónleikum SÍ með Víkingi Heiðari í desember 2008 og vakti svo mikla hrifningu hljómsveitarinnar að honum var umsvifalaust boðið að snúa aftur.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 24. MARS 2011

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Andrzej Kleina
Hildigunnur Halldórsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Martin Frewer
Kolbrún Hjaltadóttir
Lin Wei
Ágústa María Jónsdóttir

2. fiðla

Ari Þór Vilhjálmsson
Margrét Þorsteinsdóttir
Roland Hartwell
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Greta Salome Stefánsdóttir
Christian Diethard
Mark Reedman
Dóra Björgvinsdóttir
Kristján Matthíasson

Vióla

Helga Þórarinsdóttir
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Sarah Buckley
Ásdís Runólfsson
Sesselja Halldórsdóttir
Kathryn Harrison

Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Lovisa Fjeldsted
Hrafnkell Orri Egilsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Auður Ingvadóttir
Margrét Árnadóttir
Inga Rós Ingólfsson

Bassi

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarinett

Einar Jóhannesson
Sigurður I. Snorrason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason

Horn

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Þorkell Jónsson
Lilja Valdimarsdóttir
Anna Sigurbjörnsdóttir

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Lai Tak Chun

Pákur

Egbert Pálsson

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson

samstarfsaðilar



LITRÓF-HAGPRENT

EXTON
LIÓS / HLJÓÐ / MYND

Sónata í A fyrir bragðlaukana

*Komdu á Skrúður áður en
þú ferð á tónleikana
og kvöldið verður ógleymanlegt.*



Skrúður
bistro • restaurant • bar

Hótel Sögu / S: 525 9970 / www.skrudur.is



Borgun er stoltur bakhjarl Sinfónúhljómsveitar Íslands

BORGUN

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is